	2022		2021		2020	2019
	0,56%/1,65%/1,32%	%2021/2022	0,56%/1,65%/1,32%	%2020/ 2021	0,625%/1,65%/1,32%	0,625%/1,65%/1,32%
Fasteigna-skattur A	241.883.815	22,74%	197.076.558	3,06%	191.217.396	173.175.316
Fasteigna-skattur C	153.999.894	9,05%	141.218.441	4,05%	135.723.383	123.893.678
Fasteigna-skattur B	39.375.488	8,20%	36.391.190	0,01%	36.388.994	33.641.493
	374.193.761	2,90%	374.193.761	9,90%	363.487.695	330.854.819

Tafla 4: Þróun fasteignaskatts 2019-2022

Með lækkun lóðarleigu á íbúðarhúsnæði úr 1,8% í 1,5%, lækkun holræsagjalds á íbúðarhúsnæði úr 0,2%, í 0,15%, lækkun vatnsgjalds á íbúðarhúsnæði úr 0,1% í 0,05% og hækkun rotþróargjalds úr 12.378 í kr. 12.700, auk hækkunar á sorpgjaldskrá um 9,85% verður heildarhækkun tekna vegna fasteignagjalda árið 2022, að teknu tilliti til lækkun framlags Jöfnunarsjóðs, um 7,7% miðað við tekjur ársins 2021, en lækkun framlags Jöfnunarsjóðs, vegna lækkunar fasteignaskattsins árið 2021 er kr. 15.011.073. Fasteignagjöld hækka samanlagt um 7,3% á milli ára og eru áætluð 759 m.kr. eins og sjá má í töflu 5.

	2022á	2021	2020	2019	2018	2017
Fasteignaskattur	435.259.197	374.686.189	362.850.284	330.144.478	297.266.076	273.246.292
Lóðarleiga	87.496.465	82.821.127	75.780.186	71.180.782	64.945.763	58.423.841
Vatnsgjald	42.629.142	64.123.931	58.614.171	79.508.828	69.879.847	64.487.962
Holræsagjald	96.045.067	97.249.367	87.153.293	91.280.347	79.754.243	74.262.016
Sorpgjald	97.228.850	88.050.099	76.156.606	79.674.911	77.367.644	77.761.763
Samtals	758.658.721	706.930.713	660.554.540	651.789.346	589.213.573	548.181.874
	7,32%	7,02%	1,34%	10,62%	7,49%	10,59%

Tafla 5: Þróun fasteignagjalda 2017-2022


JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195, um tekjustofna sveitarfélaga, er sjóðurinn einn þriggja meginstoða sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur

sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjalda-jöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekju-jöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga s.s. vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Í endurskoðaðri áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir heildarframlagi að fjárhæð kr. 922 m.kr. en í samþykktari áætlun 2021 var gert ráð fyrir 842 m.kr. og hefur því töluverð aukning orðið á árinu, eða hækkun um 80 m.kr. Á árinu 2022 er heildarframlag Jöfnunarsjóðs áætlað 960 m.kr. Nánari sundurliðun og þróun jöfnunarsjóðs frá árinu 2015 má sjá í grafi 2.



Graf 2: Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði 2015-2022

VELFERÐARSVIÐ


SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS

Áætlunin er að mestu leyti samhljóða áætlun fyrra árs. Ekki er gert ráð fyrir sálfræðiþjónustu með sama hætti og mörg undanfarin ár. Það helgast að mestu að því að framboð á þjónustunni hefur aukist verulega en áfram er gert ráð fyrir að fólk geti sótt um lækun eða niðurfellingu á kostnaði með vísan til reglna Ísafjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna breytinga á nálgun í þjónustu við börn með því m.a. að starfsmönnum verði boðið upp á námskeið í Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar. Lækkun launakostnaðar er tímabundin.

FÉLAGSLEG AÐSTOÐ

Fjárhagsaðstoð

Einstaklingar sem nýta rétt sinn til fjárhagsaðstoðar eru flestir einhleypir karlmenn og einstæðir foreldrar. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkar í janúar ár hvert, samkvæmt vísitölu, líkt og reglur gera ráð fyrir.



Graf 3: Þróun fjárhagsaðstoðar árin 2018-2022

Stuðningsþjónusta


Stuðningsþjónusta heyrir undir grunnþjónustu sveitarfélagsins og snýr að hvers kyns persónulegri þjónustu við einstaklinga. Lög gera ráð fyrir að fyrstu 65 stundir í hverjum mánuði séu stuðningsþjónusta, veitt af sveitarfélaginu. Á árinu 2021 var gerð tilraun með að veita þjónustu frá kl. 17:00-19:00 vegna sívaxandi þarfar fyrir aukna persónulega þjónustu. Þetta hefur gefist afar vel og því er gert ráð fyrir framhaldi á þessari þjónustu, sem og að hún verði einnig í boði um helgar. Nýting þjónustunnar er góð, einnig er samvinna við heimahjúkrun með ágætum. Biðlistar eru eftir húsnæði á Hlíf, bæði til kaups og leigu. Vaxandi þjónustubörf helst jafnframt í hendur við að biðlistar hafa lengst eftir hjúkrunarrýmum.

Sérstakar húsnæðisbætur

Gert er ráð fyrir reglubreytingum með vísan til uppfærðra leiðbeinandi reglna frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Breytingin felst að mestu í nýjum tekjuviðmiðum. Þar með fjölga þeim tekjulágu einstaklingum sem eiga rétt á sérstökum húsnæðisstyrk.

Afsláttur af fasteignagjöldum aldraðra og öryrkja

Samkvæmt 4. mgr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga eru fasteignaskattur og holræsagjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir nýta sjálfir, lækkaður eða felldur niður í samræmi við viðmiðunarreglur, þó að hámarki kr. 100.000,-. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir sama hámarksstyrk, tekjuforsendur hækka um 2,4%.



Graf 4: Þróun afslátta fasteignagjalda aldraðra og öryrkja árin 2016-2022

Tekjuforsendur	2021		2022	
	Einstaklingur	Hjón	Einstaklingur	Hjón
100% ef tekjur allt að	3.755.000	6.008.000	3.845.000	6.152.000
80% ef tekjur allt að	4.206.000	6.729.000	4.306.000	6.890.000
60% ef tekjur allt að	4.711.000	7.537.000	4.823.000	7.717.000
40% ef tekjur allt að	5.276.000	8.441.000	5.402.000	8.643.000
20% ef tekjur allt að	5.909.000	9.454.000	6.050.000	9.680.000

Tafla 6: Tekjuviðmið árið 2021 og tillaga að tekjuviðmiði 2022

ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA

Tómstundir og félagsleg virkniúrræði fyrir aldraða og samvinna við félag eldri borgara hefur verið í lágmarki vegna Covid-19. Á margan hátt hefur tafist að koma áætlunum um breytingar í öldrunarþjónustu í ferli vegna þessa. Nú er tómstundaaðstaða í kjallara á Hlíf II tilbúin og í ljósi þess verður hægt að leggja áherslu á tómstundaúrræði og virkni. Styrkur fékkst úr framkvæmdasjóði aldraðra fyrir framkvæmdum á dagdeild, endurnýjun á baðaðstöðu á Hlíf I og breytingum á aðstöðu fyrir fót- og hársnyrtingu, sem og fyrstu hæð tengibyggingar.

Félagsstarf aldraðra

Allar deildir félagsstarfs hafa verið færðar undir eina. Stöðugildi á dagdeild á Suðureyri var fært yfir á dagdeild á Ísafirði þar sem þau voru vannýtt á Suðureyri en það vantaði pláss á Ísafirði. Eftir sem áður verður hægt að færa til dagdeildarpláss þar sem þörfin reynist mest hverju sinni. Þjónusta á Þingeyri hefur verið aukin, opnunardögum fjölgað um einn. Á Þingeyri og á Suðureyri var fastlínunum sagt upp og farsími notaður á báðum stöðum í því felst kostnaðarlækkun. Aðsókn í þjónustu á Flateyri hefur dregist saman og í skoðun hvernig best sé að veita hana.

Matarþjónusta

Í áætlun 2021 voru tekjur vegna seldra veitinga ofáætlaðar miðað við stöðuna sem ríkti vegna Covid-19. Gert er ráð fyrir færri seldum skömmtum en kostnaður í kaupum á matvælum hækkaður í samræmi við verðbólgu, verð á matarskammti frá Heilbrigðisstofnun er vísitölutengt. Heimsending matar er orðin almennari og þá einnig um helgar.

Dagdeildir

Dagdeildarpláss í Ísafjarðarbæ eru samtals 13 og frá og með 1. október 2021 eru þau öll á Ísafirði. Aðkoma iðjupjálfa í stýringu og skipulagi á dagdeild hefur borið afar góðan árangur. Kostnaður vegna síðdegiskaffis er bókaður á dagdeild þar sem ekki hefur tekist að ráða starfsmann í eldhús til þess að sinna því. Dagdeild á Suðureyri er þá ekki lengur í boði vegna dræmrar þátttöku en þjónusta í formi félagsstarfs í boði þrjá daga í viku.

ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG UNGLINGA

Barnavernd


Ísafjarðarbær hefur sagt upp samningi um sameiginlega ábyrgð Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps á barnavernd. Þátttaka sveitarfélaganna hefur verið hlutfallsleg og miðast við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Ný lög taka gildi þann 1. janúar næstkomandi en gert er ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag um nefndir taki gildi í maí 2022. Það hefur einkennt málaflokkinn undanfarin ár að það eru hlutfallslega mörg mál afar þung og kostnaðarsöm. Það hillir þó undir að lögfræðikostnaður geti farið lækkandi, áætlun fyrir árið 2021 reyndist allt of lág.

Fóstur utan heimilis

Kostnaður vegna fósturs utan heimilis er stærsti einstaki liðurinn í barnaverndinni. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir þremur nýjum langtíma fósturvistunum.

Stuðningsfjölskyldur og tilsjón

Kostnaður vegna úrræða á heimili vex einnig þar sem auka hefur þurft tilsjón á heimilum. Tveir starfsmenn sinna þessu hlutverki, annar í 50% stöðugildi, hinn í tímavinnu. Gert er ráð fyrir að tíma-vinnusamningi ljúki í febrúar. Úrræði utan heimilis hafa verið afar kostnaðarmikil en þar er um að ræða tvö börn með fjölþættan vanda. Mikil vinna hefur átt sér stað í því að reyna að fá fram kostnaðarpátttöku af hálfu ríkisins.



Graf 5: Þjónusta við börn og unglinga 2017-2022

ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Gert er ráð fyrir að Ísafjarðarbær óski eftir viðræðum við BsVest um stöðu og rekstur skammtíma-vistunar á Ísafirði. Kostnaður í búsetum vex mjög mikið, aðallega vegna styttingar vinnuvikunnar en ekki síður vegna kjarasamningshækkana. Veikindi setja enn strik í reikninginn. Lunginn af rekstri búseta eru laun.

Einn NPA samningur verður í gildi á árinu 2022.


Velferðarsvið vill enn skoða möguleikann á að skammtíma-vistun verði til húsa á annarri hæð í Hvestu. Með því yrði húsnæðið nýtt betur og svigrúm myndi skapast í Pollgötu fyrir fjölgun íbúa í sólarhrings-þjónustu eða breytinga á þjónustu. Eining með fjórum búsetum er óhentug, íbúafjöldi í þjónustu þyrfti að vera að lágmarki sex svo hagræðing náist.

Frístundaþjónusta (áður lengd viðvera/sumarþjónusta)

Í nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk er ákvæði um frístundaþjónustu sem hingað til hefur verið veitt af sveitarfélaginu með lágu framlagi frá Jöfnunarsjóði. Vaxandi fjöldi fatlaðra barna hefur nýtt sér þjónustuna. Lögin kveða á um að þjónustan standi til boða þar til einstaklingar ljúka framhaldsskóla.

Ferðaþjónusta fatlaðra

Mikil hækkun hefur orðið á kostnaði í ferðaþjónustunni eftir að nýr samningur tók gildi. Nauðsynlegt er að segja upp samningi um akstur þar sem hann er allt of dýr eða leita annarra leiða til að ná samningum um lægra verð.



Graf 6: Málefni fatlaðra 2019-2022, í þúsundum króna

MÁLEFNI FATLAÐRA – BYGGÐASAMLAG

Hér bókast 2,09 stöðugildi sem Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ er úthlutað af þeim fjórum stöðugildum sem skilgreind eru í stjórnun og ráðgjöf í málaflokki fatlaðra á Vestfjörðum. Einhverfuráðgjafi er kominn í 30% stöðugildi, líkt og ráð hafði verið fyrir gert, rúmlega hálf staða sviðsstjóra, heil staða deildarstjóra og 20% staða annars deildarstjóra er bókuð á 02-510 sem er málefni fatlaðra, sam-eiginlegt. Deildarstjóri kemur úr fæðingarorlofi. Samkvæmt drögum að verklagsreglum BsVest verður dregið úr fjárhagslegri aðkomu samlagsins að rekstri skrifstofunnar. Þannig muni BsVest eftirleiðis greiða sem nemur 10% af kostnaði vegna 2,09 stöðugilda sem rekstrarframlag til 02-510.

Búsetur

Kostnaðurinn í búsetum fer enn hækkandi. Ástæðan er m.a. stytting vinnuviku, kjarasamningshækkanir og alvarleg veikindi sem enn sér ekki fyrir endann á. Covid-19 hefur jafnframt komið illa niður á starfseminni. Veruleg hækkun verður vegna kjarasamningshækkana en lunginn af rekstri búseta eru laun. Fjárhagsáætlun fyrir búsetur gefur ekki rétta mynd þar sem formlegum erindum sveitarfélagsins

til Byggðarsamlags hefur ekki verið svarað um aukna þjónustu við einstakling. Þá hefur, eftir tvö ár, ekki enn verið tekin ákvörðun um að það skuli ríkja jafnræði um greiðslur bakvakta forstöðumanna á milli sveitarfélaga innan BsVest. Nánar verður gert grein fyrir þessu í greinargerð til BsVest.

Skammtímavistun

Litið verður til þess hvort ekki sé hagkvæmara og meira í anda laga um bætta nærþjónustu að skammtímavistun verði færð frá Ísafirði, þangað sem hennar er meiri þörf. Þannig náist jafnvægi í þjónustuna því auðveldara er að manna þjónustu sem er regluleg og fyrirsjáanleg, aðra hverja viku, heldur en að það sé gert með þeim hætti sem raun ber vitni, þ.e. þrjár til fjórar vikur í senn, tvisvar á ári fyrir einstakling sem kemur langt að til að sækja þjónustuna. Vonast er til að umræða um þetta skili sér fljótlega með niðurstöðu.

Önnur þjónusta – Byggðasamlag yfirlit

Hér er gert ráð fyrir að greiðslur frá BsVest standi undir kostnaði vegna málefna fatlaðra, utan grunnþjónustu sveitarfélagsins. Málaflokkurinn er í stöðugri endurskoðun. Sjá skýringu á 02-510 hér að ofan, undir málefni fatlaðra, sameiginlegt.

	2022_áætl	BsVest	2021_MV	2020
02510 Málefni fatlaðra, sameiginlegt	44.537	(44.606)	34.035	43.734
02550 Stoðþjónusta	57.698	(50.793)	52.965	49.911
02561 Búseta Fjarðarstræti	86.228	(87.035)	73.142	66.961
02562 Búseta Sindragötu	136.070	(138.692)	122.547	122.530
02563 Búseta Pollgata	133.990	(132.608)	121.803	120.404
02570 Skammtímavistun	25.132	(27.081)	23.365	19.411
02580 Hvesta	67.987	(68.033)	62.002	57.264
Samtals gjöld	551.643	(548.847)	489.859	480.214
Endurgreiðslur frá BSV	(503.730)		(500.430)	(443.865)
Niðurstaða reksturs	47.913		(10.571)	36.350

Tafla 7: Málefni fatlaðra 2020-2022, í þúsundum króna

ÝMIS FÉLAGSÞJÓNUSTA

Ýmsir styrkir

Lítil breyting er áætluð í stuðningi við Vesturafl, Fjölsmiðju og aðra sem hafa notið stuðnings Ísafjarðarbæjar vegna starfsemi sinnar. VáVest sem sinnir forvarnarmálum hefur verið með föst fjárframlög til margra ára, áfram er gert ráð fyrir þeim. Gert er ráð fyrir styrk til AA vegna húsnæðis, styrk til Reykjadalsskólans vegna sumarbúða fyrir fötluð ungmenni og styrk til Kvænnaathvarfs. Styrkur vegna reksturs verslunar á Hlíf fellur niður.

Áfengis- og vímuefnavarnir

Styrkur til AA samtakanna er bókaður hér, sem og ráðstöfunarfé og dvalarkostnaður fyrir einstaklinga sem eru í meðferð við fíknivanda.

SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

Undir skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar heyra málefni leikskóla, grunnskóla, dægradvalar, félagsmiðstöðvar, íþróttir og tómstundir, skíðasvæði, vinnuskólinn og tónlistarskólar. Áherslan er að styðja við og efla fjölbreytt skólustarf í víðum skilningi. Starfsumhverfi barna og ungmenna í Ísafjarðarbæ vinnur markvisst að því nemendur vaxi og dafni í skapandi umhverfi. Leggja þarf áherslu á að horfa á styrkleika og áhugasvið einstaklinga, snemmtæka íhlutun og einstaklingsmiðað nám.

	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Fræðslumál	2.208.852.815	1.989.404.925	1.857.225.088
Tómstundamál	588.763.207	561.568.925	533.236.432
Samtals	2.5797.616.022	2.550.973.850	2.390.461.520

Tafla 8: Rekstur skóla- og tómstundasviðs 2020 til 2022

Sérfræðipjónusta skólasviðs snýr að sálfræði- og talmeinaþjónustu. Önnur sérfræðipjónusta er keypt eftir þörfum. Sálfræðingar koma reglulega og sinna þjónustu við leik- og grunnskóla yfir skólaárið. Nýlega var samið við nýjan talmeinafræðing sem kemur einu sinni í mánuði og sinnir þjónustu fyrir börn og skóla á Ísafirði. Trappa heldur áfram að veita börnum og skólum talmeinaþjónustu á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Biðlistar eru mislangir, þó ívið lengri í talmeinaþjónustu, en munu þeir stytast með tilkomu nýs talmeinafræðings sem sinnir Ísafirði. Önnur þjónusta er keypt eftir þörfum og óskum um aðstoð frá stofnunum.

Auk þess að styðja við leik- og grunnskóla bæjarfélagsins sinnir skrifstofa skóla- og tómstundasviðs forgreiningu á þroskafrávikum og málþroska.

Fjárhagsáætlun fyrir skólasvið tekur ekki miklum breytingum fyrir árið 2022 á rekstrarliðum en þó eru alltaf liðir sem hækka samhliða öðrum hækkunum og verkefnum sem unnið er með hverju sinni. Launaliðir hafa áhrif en aðrir liðir taka ekki miklum breytingum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að við erum að veita þjónustu til barna og ungmenna, framtíðar Ísafjarðarbæjar.

GJALDSKRÁ

Almennt er hækkun á gjaldskrá skóla- og tómstundasviðs um 2,4% þó lækkar verð á skólamáltíðum og tímagjald í Dægradvöl. Þegar mötuneyti grunnskólana var komið á var viðmiðið að tekjur af skólamáltíðum ættu að endurspeglar hráefniskostnaðinn. Við nánari skoðun hráefniskostnaðar við gerð gjaldskrár fyrir árið 2022 kom í ljós að tekjurnar voru orðnar töluvert meiri en hráefniskostnaður. Því var ljóst að svigrúm var til lækkunar og fer því verð á skólamáltíð úr kr.510 í kr.490. Innheimtuaðferðum fyrir Dægradvöl var breytt haustið 2021 og einfaldað. Vistunartími barna er ekki lengur talinn í korterum, heldur borga foreldrar fyrir þann tíma sem barnið er skráð í Dægradvöl. Gaf þetta svigrúm til lækkunar á hámarksgjaldinu sem fer úr kr.19.300 í kr.18.900.

Skólasvið	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Staðan í okt. 2021
Vistgjöld leikskóla	41.469.636	40.929.283	35.382.483
Fæðisgjöld leikskóla	26.849.462	22.856.589	19.996.161
Fæðisgjöld GÍ	20.257.577	18.50.000	19.946.436

Tafla 9: Áætlaðar tekjur vegna gjalda leik- og grunnskóla

Tómstundir	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Staðan í okt. 2021
Tekjur sund	19.592.640	17.723.588	17.700.860
Tekjur skíði	15.061.760	14.708.750	10.244.649

Tafla 10: Áætlaðar tekjur sundlauga og skíðasvæðis

FRÆDSLUMÁL

Stafsmannaauður og úthlutun

Stöðugildum til grunn- og leikskóla og tónlistaskóla er úthlutað samkvæmt úthlutarreglum í líkani sem samþykkt var í bæjarstjórn 2018. Úthlutun kennslustunda tekur mið af fjölda nemenda og aldurs-samsetningu í hverri stofnun. Eftir því sem börnin eru yngri í leikskólanum eru fleiri starfsmenn á bakvið hvert barngildi. Sérúrræði er tekið sérstaklega fyrir í líkaninu.

Grunnskólar

	Grunnskólinn á Ísafirði	Grunnskóli Öndarfjarðar	Grunnskólinn á Þingeyri	Grunnskólinn á Suðureyri	Samtals
Stöðugildi 2022	62,45	4,3	8,12	8,95	83,82
Stöðugildi 2021	61,29	4,83	8,12	9,19	83,43
Kennslustundir 2021	965	75	144	157	1341
Kennslustundir 2020	932	77	144	155	1308
Kennslustundir 2019	932	79	126	145	1282
Fjöldi nemenda 2021	379	6	36	43	458
Fjöldi nemenda 2020	366	13	37	45	454
Fjöldi nemenda 2019	361	15	35	43	462

Tafla 11: Fjöldi nemenda, kennslustunda og stöðugilda (okt. 2021)

Hækkun er á launakostnaði í grunnskólum sveitarfélagsins árið 2022 vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Nemendum fækkaði töluvert í Grunnskóla Öndarfjarðar og eru nemendur þar aðeins 6. Vegna þessarar fækkunar nemenda hefur stöðugildum þar fækkað um 2. Nemendum hefur fjölgað í Grunnskólanum á Ísafirði og þegar skólinn hófst í haust hafði nemendum fjölgað um 20 frá því um vorið. Fór úr 359 í 379 nemendur, sem er afar gleðilegt.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar hófu allir innleiðingu á leiðsagnarnámi sem gengur út á að veita nemendum leiðsögn til að aðstoða hann við að ná settum markmiðum. Gengur þetta út á að kennarar sjái hvaða hæfni nemendur þeirra hafi tileinkað sér, svo hægt sé að veita þeim endurgjöf og meta framfarir.

Leikskólar

	Sólborg	Laufás	Tjarnarbær	Grænigarður	Eyrarskjól	Samtals
Stöðugildi 2022	36,45	8	6,41	5,37	23,2	79,43
Stöðugildi 2021	34,57	4,36	7,08	5,26	21,94	73,21
Starfsmannafjöldi 2021	33	6	6	5	28	78
Starfsmannafjöldi 2020	32	6	6	7	25	76
Nemendafjöldi 2021	105	21	16	12	70	224
Nemendafjöldi 2020	108	15	16	12	70	222

Tafla 12: Stöðugildi, starfsmanna- og nemendafjöldi sviðsins og stofnana sem heyra undir það (okt. 2021)

Aukning er á launakostnaði í leikskólum sveitarfélagsins 2022. Kjarasamningsbundinn undirbúningstími leikskólakennara, fjölgun orlofsdaga og stytting vinnuviku leikskólastarfsfólks gerir það að verkum að oft er krefjandi að manna deildir, þó þessar breytingar séu vissulega jákvæðar fyrir starfsfólk. Leikskólar sveitarfélagsins eru lokaðir í 20-25 daga yfir sumarið, svo starfsfólk á enn 5-10 orlofsdaga þegar leikskólar opna á ný. Mesta aukning á launakostnaði er á Laufási á Þingeyri þar sem leikskólabörnum hefur fjölgað um 90% á 2 árum. Ekki var gert ráð fyrir fjölgun barna í launaáætlun fyrir árið 2021 og því hækkar hún um 45% fyrir árið 2022. Lóðin á Eyrarskjóli var kláruð í sumar og er mikil ánægja með hana meðal starfsfólks, barna og foreldra. Viðmið Ísafjarðarbæjar er að bjóða börnum 12 mánaða og eldri leikskólapláss sem er afar jákvæð þróun.

Aukning er um fjögur stöðugildi árið 2022. Aukning þessi er vegna fjölgunar barna á Laufási og vegna aukins stuðnings við börn með fötlunargreiningar.

Unnið er að gerð á nýjum samningi milli Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar, en samningur var fyrst gerður árið 2014. Mikilvægt er að með nýjum samningi verði upplýsingar um laun starfsfólks Eyrarskjóls bæði gegnsærri og aðgengilegri. Samstarfið við Hjallastefnuna hefur gengið mjög vel.

Sumarið 2022 færast 45 börn af Sólborg og Eyrarskjóli yfir á Tanga. Samkvæmt því og án breytinga verða um 20 leikskólapláss vannýtt á Eyrarskjóli haustið 2022, en plássin á Sólborg verða fullnýtt.

Dægradvöl og frístund

Starfsemi dægradvalar á Ísafirði er tvíþætt: Frístund fyrir 1.-4. bekk, sem vinnur með grunnskólanum að brjóta upp skóladaginn. Þar geta börn æft íþróttir í íþróttaskóla HSV og farið í tónlistarnám í tónlistarskólum í bænum, svo eitthvað sé nefnt. Dægradvöl tekur við kl. 14:00 og er til kl. 16:00 en 1.-2. bekkur nýtir sér helst úrræðið. Sama starfsfólk er í dægradvöl og frístund. Fjöldi starfsfólks ræðst af fjölda nemenda sem getur verið misjafn milli ára, allt eftir stærðum árganga. Börnum í Dægradvöl fjölgaði um

18 haustið 2021 og því varð að bæta við stöðugildi þar. Stefnir áfram í sambærilegan fjölda haustið 2022 og því þarf að gera ráð fyrir einu stöðugildi þar út árið.

Í öðrum byggðakjörnum er boðið upp á dægradvöl í leikskólunum. Þjónustan er nýtt í öllum byggðakjörnum en mismikið þó, yfirleitt 1-3 börn.

Skólamatur

Mötuneyti er rekið í Grunnskólanum á Ísafirði og gefst nemendum þar og starfsfólki ásamt starfsfólki Dægradvalar kostur á að kaupa þar heita máltíð í hádeginu. Grunnskólarnir á Þingeyri og Suðureyri kaupa sínar máltíðir fyrir nemendur af leikskólunum Laufási og Tjarnarbæ. Grunnskóli Önundarfjarðar og leikskólinn Grænigarður kaupa hádegismatinn af einkaaðila á Flateyri. Leikskólinn Sólborg er með matráð sem eldar allan mat á staðnum. Lögð er áhersla á fjölbreyttan og hollan skólamat í sveitarfélaginu. Næringarþarfir nemenda eru oft misjafnar og er t.d. í Grunnskólanum á Ísafirði alltaf boðið upp á grænmetis/veganrétt þegar kjöt er í matinn. Er þetta gert til að mæta óskum nemenda sem eru grænmetisætur eða vegan.

Lýðskólinn

Lýðskóli er starfræktur á Flateyri og hefur Ísafjarðarbær stutt dyggilega við hann með reglulegum fjárstyrkjum, afnotum af félagsheimilinu á Flateyri og með því að veita skólanum afnot af íþróttahúsinu og sundlaug. Nú þegar Lýðskólinn er kominn með styrk frá ríkinu er það stefna Ísafjarðarbæjar að draga úr fjárveitingum til skólans, enda var sá styrkur hugsaður til að koma skólanum af stað. Lýðskólinn er vel sóttur og fer þar fram metnaðarfullt og fjölbreytt nám.

Tónlistaskólar

Ísafjarðarbær greiðir launakostnað tveggja tónlistarskóla. Í áætlun 2022 er ekki gert ráð fyrir aukningu á stöðugildum. Þó er að sjálfsögðu gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum. Sveiflur eru í framlagi Jöfnunarsjóðs og fer framlagið eftir fjölda söngnema á miðstigi eða framhaldstigi og hljóðfæranemenda á framhaldsstigi. Afar gott samstarf er á milli tónlistarskólanna og grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu.

	Fjöldi stöðugilda 2022	Fjöldi stöðugilda 2021
Tónlistarskóli Ísafjarðar	12,68	12,5
Listaskóli Rögnvaldar	3	3

Tafla 13: Stöðugildi í tónlistarskólum (okt. 2021)

ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁL

Málefni íþrótta og tómstunda heyra undir skóla- og tómstundasvið. Félagsmiðstöðvar og vinnuskóli ungmenna heyra einnig undir sviðið. Ekki er aukning á stöðugildum eða varanlegar breytingar á þessu sviði almennt en launahækkarnir koma við sögu á þessu sviði eins og öðrum. Með tilkomu styttingar

vinnuvikunnar hækkar launaáætlun í sundlaugum Ísafjarðarbæjar um 9-15% þar sem unnið er á vöktum. Styttning vinnuvikunnar á ekki að fylgja auka kostnaður eða fjölgun stöðugilda, en á deildum þar sem unnið er á vöktum er það óhjákvæmilegt.

Stærsti kostnaðarliðurinn á þessari deild er Héraðssamband Vestfjarða. Nýr samningur tók gildi í janúar 2021 en ekki voru stórar breytingar í þeim samningi, hækkun vegna gjaldskrárhækkunar og vísitölu-hækkunar.

ÍPRÓTTAMANNVIRKI

Rekstrarkostnaður við íþróttamannvirki taka breytingum milli ára með tilkomu styttningu vinnuvikunnar, eins og áður hefur verið nefnt. Opnunartímar eru misjafnir eftir byggðakjörnum. Stöðugildum fjölga um tvö vegna styttningu vinnuvikunnar.

Forstöðumaður íþróttamannvirkja fer með umsjón á Torfnesi, Suðureyri og Flateyri. Annar forstöðumaður er með íþróttamannvirkin á Þingeyri og sinnir hann einnig tjaldsvæði Þingeyrar samhliða því en tjaldsvæðið er afar vel sótt.

Íþróttahúsið á Torfnesi er þéttsetið og vel nýtt af íþróttafélögum í sveitarfélaginu. Það falla að meðaltali niður um 50 æfingar í hverjum mánuði vegna kappleikja, svo óhætt er að segja að eftirspurnin er meiri en framboðið. Lýsingin í húsinu er orðin léleg og stenst ekki kröfur nútímans. Mikilvægt er að gert verði ráð fyrir betri lýsingu í fjárhagsáætlun 2022.

	Fjöldi stöðugilda 2022	Fjöldi stöðugilda 2021
Torfnes	3,65	3,54
Sundhöll Ísafjarðar	7,06	6,56
Íþróttamiðstöð Flateyri	1,7	1,69
Íþróttamiðstöð Þingeyri	3,27	2,99
Íþróttamiðstöð Suðureyri	2,18	2,36

Tafla 14: Stöðugildi í íþróttamannvirkjum (okt.2021)

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Starfræktar eru félagsmiðstöðvar í öllum byggðarkjörnum. Djúpið Ísafirði er fjölmennasta og stærsta félagsmiðstöðin. Opnun er misjöfn eftir byggðarkjörnum, félagsmiðstöðvar eru opnar að lágmarki einu sinni í viku. Mikil og góð samvinna er á milli félagsmiðstöðva og koma nemendur frá minni bæjar-kjörnunum reglulega í Djúpið og sjá þá félagsmiðstöðvar um akstur. Samvinnan skilar sér í frekari samheldni nemenda og eykur á fjölbreytni í félagslegum samskiptum.

VINNUSKÓLI

Gert er ráð fyrir börnum úr 8.-10. bekk í vinnuskólanum. Árið 2021 var vikum fækkað og vinnutími styttnur. Fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að vinnuskólinn fari aftur í sama horf og var árið 2020. Vikum er því

fjölgað og vinnutími lengdur frá árinu 2021. Áætlaður fjöldi ungmenna í vinnuskólanum sumarið 2022 er 85. Ungmennin geta sótt um að vera í almennri deild sem vinnur við fegrun bæjarins, vinnu á leikskóla, aðstoðað við leikjanámskeið HSV og siglinganámskeið Sæfara. Jafnframt er hægt að vinna við að sinna fótboltavellinum á Torfnesi og golfvellið í Tungudal.

Bekkur / Nemendafjöldi	Tímar á dag / viku	Fjöldi vikna	Laun í kr.
8. bekkur / 31	6 / 30	6	780
9. bekkur / 40	6 / 30	7	980
10. bekkur / 30	6 / 30	8	1.190

Tafla 15: Áætlun vinnuskóla

	Fjöldi
Yfirflokkstjóri	1
Flokkstjórar	3

Tafla 16: Starfsmenn vinnuskóla

SKÍÐASVÆÐI

Rekstur skíðasvæðisins verður með sambærilegum hætti og síðastliðin ár. Mikil tilhlökkun er að geta haldið Skíðavíkuna hátíðlega um páskana, en hún hefur fallið niður síðastliðin tvö ár. Hátíðin gefur skíðasvæðinu töluverðar tekjur í formi sölu á skíðapössum og veitingum í skíðaskálum, jafnframt skapar hún skemmtilega stemningu í sveitarfélaginu.

ÖNNUR ÍÞRÓTTAFÉLÖG

Golfvellir

Í Ísafjarðarbæ eru starfræktir tveir golfvellir, annar í Tungudal á Ísafirði og hinn í Meðaldal í Dýrafirði. Golfklúbbarnir á þessum stöðum eru með verkefnasamning við Ísafjarðarbæ um að annast vellina og fá styrki í staðinn. Golfíþróttin hefur notið mikillar vinsældar sl. ár og hefur notkunin á golfvelliðum á Ísafirði farið vaxandi á hverju ári sl. 5 ár.

Héraðssamband Vestfirðinga

Ísafjarðarbær er með samstarfssamning við Héraðssamband Vestfirðinga sem ætlað er til að efla samstarf innan íþróttahreyfingarinnar og milli bæjaryfirvalda Ísafjarðarbæjar og HSV. Jafnframt til að tryggja öflugt og gott íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og unglíngi í Ísafjarðarbæ. Rekstrarstyrkur sveitarfélagsins til HSV er kr.13.000.000 á ári. Ísafjarðarbær leggur til kr.10.500.000 í íþróttaskóla HSV og er tilgangur þess að fá fleiri börn til að stunda íþróttir. Gjaldtaka í skólann er afar hófleg svo kostnaðurinn fæli ekki foreldra frá að skrá börnin sín í skólann. Samkvæmt samstarfssamningi leggur Ísafjarðarbær einnig til þjálfarastyrk og húsaleigustyrk. HSV sér um öll samskipti við íþróttafélögin fyrir Ísafjarðarbæ og sér um að raða í töflur íþróttahúsanna á vorin.

STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk ýmissa sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Hluti sameiginlegs kostnaðar er síðan færður á aðrar deildir með millifærslum ýmist með tilliti til fjölda starfsmanna, fjölda launafærslna, fjölda reikninga eða fjölda bókhaldsfærslna.

Bæjarskrifstofur

Á árinu 2021 var gert ráð fyrir 16,48 stöðugildum á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir um 16,1 stöðugildum. Áætluð laun og launatengd gjöld í kringum 214,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að framkvæmd vegna breytinga á afgreiðslu ætti að ljúka í lok árs 2021. Um er að ræða að framlengja afgreiðsluborð í átt að fundarsal, og loka með rafdrifnu opnanlegu hliði, enda er nauðsynlegt að hefta aðgengi utanaðkomandi aðila að skrifstofum. Þá þarf að ljúka við nýjar dyr við starfsmannainngang sem verða með talnakóðalás.

Á árinu 2021 var samið við lögmannspjónustu vegna reksturs máls sveitarfélagsins fyrir Óbyggðanefnd. Gert er ráð fyrir að málinu verði fram haldið á árinu 2022 og jafnvel 2023, og er gert ráð fyrir 4 m.kr. kostnaðar vegna þess, sem áætlað er að verði endurgreiddur frá ríkinu þegar málinu lýkur.

Þá hefur sveitarfélagið gert samning við nýjan eiganda Símaversins, Miðlun ehf. (Halló) sem tekur gildi um áramótin 2021/2022 og innleitt með þeim ýmsar nýjungar sem miða að þjónustuaukningu fyrir íbúa og þjónustuþega sveitarfélagsins, s.s. netspjall í gegnum vefsíðu sveitarfélagsins, símatíma við starfsfólk, og bókun viðtalstíma við starfsfólk. Áætlaður aukinn árlegur kostnaður vegna þessa er um 1 m.kr.

Nauðsynlegt er að huga að endurnýjun sameiginlegrar fartölvu sviðsins sem nýtt hefur verið af nokkrum starfsmönnum saman þegar þörf er á. Ekki er fyrirhugað að kaupa húsgögn eða innanstokksmuni, en síðustu ár hefur verið bætt smátt og smátt í nýja stóla og skrifborð fyrir starfsmenn. Gera verður ráð fyrir kaupum á nýrri fartölvu og síma fyrir framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, gerist þess þörf.

Útboð trygginga fór í loftið mánaðamótin október/nóvember 2021, auk þess sem stefnt er á útboð prentþjónustu og hýsingu og rekstur tölvukerfisins fyrir áramótin 2021/2022. Vonast er eftir því að kostnaður vegna þessarar þjónustu sem nýtt er af öllum stofnunum sveitarfélagsins lækki í kjölfar útboðsins, og sjáist þess merki í rekstri á árinu 2022.

Gert er ráð fyrir að allir bæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra, bæjarritara og fjármálastjóra, fari á Fjármála-ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022. Gert er ráð fyrir fjármagni til ferða, gistingar og ráðstefnugjalda vegna þess.

Fyrirhugað er að leggja til við Eignasjóð að bifreið bæjarskrifstofu verði seld, enda kominn tími á endurnýjun. Leitað verður besta verðs við kaup á nýrri bifreið eða að gera rekstrarleigusamning vegna nýrrar bifreiðar. Umhverfissjónarmið munu spila hlutverk við val á leiðum.

Áfram er unnið markvisst að því verkefni sem hófst síðla árs 2020 um að draga úr ýmsum útgjöldum sveitarfélagsins á sviðinu, s.s. að yfirfara alla samninga við ýmiss fyrirtæki og hugbúnaðarfélög, hvort þjónusta sé nauðsynleg eða samræmist markmiðum sveitarfélagsins um að veita góða og hagkvæma þjónustu til íbúa sinna, draga úr auglýsingum sem ekki eru nauðsynlegar, s.s. vegna fastra auglýsinga-borða á fréttasíðum og aðrar styrktarlínur, segja upp áskriftum og tímaritum sem ekki eru lesin. Þá er markmið yfirferðar samninga jafnframt að kanna hvort hægt sé að nýta betur þá þjónustu sem greitt er fyrir.

Sveitarstjórnakosningar

Sveitarstjórnakosningar fara fram 14. maí 2022. Ekki er um endurgreiðslu að ræða frá ríkinu eins og við aðrar kosningar. Heildarkostnaður vegna launa og annars rekstrarkostnaðar við framkvæmd kosninganna er um 6,2 m.kr.

Í ljósi kosninganna er gert ráð fyrir kaupum á þjónustu við kennslu og þjálfun nýrra bæjarfulltrúa, auk kaupa á ýmsum tölvubúnaði, s.s. spjaldtölvum og/eða fartölvum.

Endurskoðun

Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við endurskoðun á árinu 2022, en örútbóð fór fram í lok árs 2020. Árlegur kostnaður eru um 4 m.kr. að teknu tilliti til verðbreytinga skv. samningi.

Ónotað húsnæði

Hér flokkast innri leiga frá eignasjóði vegna húsnæðis sem ekki er notað af stofnunum sveitarfélagsins eða stendur autt en ekki er ætlast til að Eignasjóður beri kostnað af slíku húsnæði. Um er að ræða níu eignir, Skólahúsnæði Bakkavegi 9, Bakkaskjól Bakkavegi 19-21, Svarta pakkhúsið Flateyri, Vallargata 1 Þingeyri, Vallargata 3 Þingeyri, Salthús Þingeyri, Suðurtangi 2, Fjarðarstræti 20 og Sundstræti 14.

Á haustdögum 2021 hófst umræða um sölu eigna sveitarfélagsins í Sundstræti 14, en þar sem engar ákvarðanir hafa verið teknar er gert ráð fyrir leigutekjum á þessum lið. Aftur á móti er gert ráð fyrir umtalsverðri lækkun leigutekna í Fjarðarstræti 20, sérstaklega í ljósi óveðurs í september 2021, þar sem ytra byrði og þak skemmdust illa, en huga verður að mögulegu niðurrifi eignarinnar.

Nauðsynlegt er að taka ákvörðun um hvaða eignir sveitarfélagið hyggst eiga áfram, enda fylgir kostnaður af þessum eignum, sérstaklega í formi hita og/eða rafmagns og trygginga. Skoða þarf hvort einstakar eignir mætti setja í söluferli.

Upplýsingakerfi

Á árinu 2022 voru nokkrar viðbætur við innri skjala- og málakerfi sveitarfélagsins keyptar, og er stefnt á að ljúka innleiðingu og uppsetningu þeirra veturinn 2021/2022. Um er að ræða OneSign (rafrænar undirritanir), OneContract (samningakerfi) og OnePortalCitizen (þjónustugátt). Meirihluti uppsetningar-kostnaðar var greiddur á árinu 2021, en um mánaðarlegar greiðslur vegna kerfanna er að ræða til framtíðar, um 3,3 m.kr. árlega, auk fjármagns vegna öryggisuppfærslna og endurnýjunar meginkerfis

um 1 m.kr. Kerfin eru hluti af stafrænni vegferð sveitarfélagsins, með það að markmið að bæta þjónustu við íbúa, einfalda stjórnsýslu, stytta málskraða, og auka hamingju starfsmanna.

Þá eru fyrirhugaðar frekari nýjungar á sviði stafrænnar tækni í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og stafrænt teymi þess. Sveitarfélagið er þáttakandi í þeirri vegferð sem Sambandið hratt af stað árið 2020/2021 um að sameina sveitarfélögin í þeirri vinnu að nýta stafræna tækni betur og meira í starfi sínu, m.a. í samstarfi við island.is, s.s. með „open source“ lausnum og X-road tækni. Áætlað er að sveitarfélagið taki þátt í öllum verkefnum Sambandsins á árinu 2022 um stafræna tækni, en þau varða Microsoft leyfamál, einfaldari skjalavistun, rafræn skil skjala, spjallmenni í gegnum vefsíðu sveitarfélagsins, umsóknarkerfi um félagslegt leiguhúsnæði, svo og ýmsar minni starfrænar lausnir og reiknivélar. Þátttökugjald sveitarfélagsins vegna þessa á árinu 2022 er um 2,5 m.kr.

Nauðsynlegt að uppfæra hugbúnað símstöðvar sveitarfélagsins, en núverandi hugbúnaður heimilar ekki fleiri breytingar á símanúmerum. Fyrirhugað var að þessar breytingar yrðu gerðar á árinu 2021, en vegna breytinga á kostnaði við verkið frá upphaflegri verðathugun var ákveðið að fresta því. Samtímis verður hugað að innleiðingu á símsvörun í gegnum tölvuforrit og heyrnartól í stað þess að endurnýja borðsíma á bæjarskrifstofum, sem eru margir orðnir lélegir. Áætlað er að kostnaður við rafrænar lausnir við símsvörun séu lægri, en með kaupum á nýjum símækjum fyrir bæjarskrifstofur. Gert er ráð fyrir að uppfærsla á símstöð, hugbúnaði og heyrnartólum sé um 3 m.kr.

Þá hafa gjöld vegna notkunar Workplace hækkað nokkuð á árinu, auk þess sem gera verður ráð fyrir kostnaði vegna rafrænna undirritana vegna greiðslna til Auðkennis eftir upptöku OneSign.

Rekstrarkostnaður vegna Navision Financials bókhaldskerfis og þjónustu við Wise er áætlaður um 11 m.kr. og rekstrarkostnaður vegna Vinnustundar, Kjarna launakerfis, VPN-tenginga, er áætlaður 8 m.kr. Þá er, eins og fyrr segir, gert ráð fyrir útbóði vegna hýsingar og reksturs tölvukerfisins og vonast er eftir ódýrari lausn en sveitarfélagið greiðir fyrir núna. Stór hluti ársins hefur verið nýttur við „tiltekt“ í tölvukerfum og rekstri þess hjá sveitarfélaginu, undirbúningi skýjalausna, niðurlagningu gamalla vefþjóna, lokunar ýmissa netfanga o.fl. með það að markmiði að straumlínulaga og einfalda kerfi sveitarfélagsins fyrir útböð hýsingar og reksturs tölvukerfisins.

Starfsmannakostnaður

Framlag Ísafjarðarbæjar er áætlað 4,0 m.kr. í árshátíð starfsmanna. Þátttaka í árshátíð hefur aukist ár frá ári (áður en Covid-19 skall á) og búist við metþátttöku í vor. Vilji er til að halda kostnaði starfsmanna í lágmarki og að makar greiði því sem samsvarar kostnaði við matinn. Áætlað er að árshátíð starfsmanna verði í mars/apríl 2022.

Gert er ráð fyrir 3,5 m.kr. vegna utanaðkomandi ráðgjafar, bæði lögfræði- og sérfræðiráðgjafar í starfsmannamálum, m.a. til að leita lausna við heilsueflandi aðgerðir, með það að markmiði að draga úr veikindafjarvistum. Gert er ráð fyrir 3,3 m.kr. í stjórnendapjálfun, þar sem gert er ráð fyrir þjálfun forstöðumanna og sviðsstjóra ásamt bæjarstjóra, auk 3 m.kr. vegna sameiginlegs starfsdags starfsmanna.

Gert er ráð fyrir 2,0 m.kr. í jólagjafir og um 1,2 m.kr. í íþróttastyrk. Þar sem Ísafjarðarbær er nýlega orðið heilsuefandi samfélag er jafnframt gert ráð fyrir að um þriðjungur starfsmanna fari í heilsufarsskoðun og um 100 starfsmenn í inflúensuþrautu og er heildarkostnaðurinn þar um 1 m.kr.

FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

Samkvæmt 21. gr. reglugerðar nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, ber aðalsjóði að reikna og færa árlega framlag til B-hluta fyrirtækja til að mæta rekstrarhalla þeirra í þeim tilvikum sem þeim er falið að sjá um lögbundin verkefni eða önnur venjubundin verkefni s.s. félagslegar þjónustustofnanir. Á árinu 2021 er áætlað framlag til Byggðasafns Vestfjarða að fjárhæð 23,1 m.kr. en gert er ráð fyrir að Fasteignir Ísafjarðarbæjar og Þjónustuíbúðir Hlíf verði reknar með rekstrarafgangi. Hjúkrunarheimilið Eyri er þó rekið með viðvarandi rekstrarhalla, 6,7 m.kr., en ekki er gert ráð fyrir framlagi til þess þar sem viðræður eru í gangi við ríkissjóð um nýjan samning sem kæmi til móts við rekstrarhalla þess.

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR

Í árslok 2021 er áætluð lífeyrisskuldbinding 1.886.363.212,- kr. og eru væntingar okkar út frá útreikningum líkans frá KPMG að í árslok 2022 verði áætluð lífeyrisskuldbinding 1.965.409.824,-. Útreikningar gera ráð fyrir 6,06% launahækkun og nemur hækkunin 156 m.kr. í rekstur og þar af eru 95,2 m.kr. áætlaðar í greiddan lífeyri. Hlutur sveitarfélagsins í greiddum lífeyri til Brú hækkar um 23,2 m.kr. á milli ára og er áætlaður 110 m.kr. í árslok 2022.

ÓVENJULEGIR LIÐIR

Á deild 27100 er áætlaður launapottur 52,5 m.kr. til að mæta langtíma veikindum og kjarasamningshækkunum. Líkur eru á því að greiða þurfi hagvaxtarauka vegna lífsskjarasamninga 2019-2022 og komi til þess er áætlað að eingreiðsla vegna þess nemi um 32,5 m.kr.

MENNINGARMÁL

SAFNAHÚSIÐ

Áætlað er að ljúka endurgerð lessalar bókasafnsins með því að setja upp gluggatjöld og ljúka endurnýjun húsgagna. Áætlað er um 1,5 m.kr. vegna þessa. Þá er áætlað að endurnýja tölvubúnað, og kaupa sjálfsafgreiðsluvél til aukinnar þjónustu við gesti safnsins, um 3 m.kr.

Gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna endursölu varnings, nú þegar Covid-ástandinu léttir.

Haustið 2021 var ráðinn inn starfsmaður í 35% hlutastarf vegna listasalar Safnahússins. Markmiðið var að fjölga og auka vægi listasýninga í listasal sveitarfélagsins og er því gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna fargjalda, gistingar, sendingakostnaðar, prentunar, auglýsinga og öðru tengdu uppsetningu listasýninga og komu listamanna til sveitarfélagsins.

Að lokum er gert er ráð fyrir 500 þ.kr. vegna uppfærslu heimasíðu Safnahússins. Starfsemi og fjárhagsáætlun er að öðru leyti að mestu óbreytt.

Lagt er til að tekið verði upp árgjald að fjárhæð kr. 2.000, fyrir notendur, en áfram frítt fyrir yngri en 18 ára, aldraða og öryrkja.

LEIKHÚS

Gert er ráð fyrir greiðslum til Kómedíuleikhússins á árinu 2022 að fjárhæð 1,75 m.kr. og styrk vegna húsaleigu að Vallargötu 3 að fjárhæð 3,2 m.kr.

FÉLAGSHEIMILI

Fjögur félagsheimili eru í eigu sveitarfélagsins, í Hnífsdal, Flateyri, Þingeyri og Suðureyri. Rekstur er óbreyttur á milli áætlaða, þó nokkur sparnaður hefur náðst í kjölfar orkunotkunarútboðs á árinu 2020, sérstaklega í Hnífsdal.

AÐRAR HÁTÍÐIR

Áætlun á aðrar hátíðir í bænum er 6,6 m.kr. Meðal þeirra hátíða eru viðburðir í kringum Veturnætur, jól, áramót, páska og 17. júní, auk ýmissa viðburða á vegum annarra en Ísafjarðarbæjar sem eru styrktir með fjárframlagi eða vinnuframlagi. Áætlaðir beinir styrkir til Aldrei fór ég suður og ActAlone eru 0,7 m.kr. hvor. Þá er gert ráð fyrir ýmsum öðrum minni háttar styrkjum, bæði í formi beins fjármagns, millifærslna, aðkeyprar þjónustu og greiðslu sorpgjalds.

Vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19 hafa skemmtanahöld verið fábrotin. Áætlað er því á árinu 2022 að leggja nokkuð meira fjármagn til þriggja stóru hátíða sveitarfélagsins; Skíðavikunnar, 17. júní og Veturnáttu. Menningarmálanefnd hefur samþykkt, og lagt við bæjarstjórn, að setja aukið fjármagn í þessar hátíðir, á þann hátt að horft verið helst til aðkeyprar þjónustu við utanumhald og skipulagningu, auk fjármagns til kaupa á skemmtiatriðum. Hækkun vegna þessa er því rúmlega 1. m.kr.

ÝMSIR STYRKIR

Menningarstyrkir ársins 2022 eru áætlaðir 2,4 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir niðurgreiðslum fasteignagjalda til félagasamtaka allt að 1,9 m.kr.

ATVINNU- OG FERÐAMÁL

ATVINNUMÁL

Gert er ráð fyrir greiðslu 3,75 m.kr. Vegna þjónustugjalda til Blábankans, í samræmi við nýjan þriggja ára samnings, auk greiðslu styrks vegna 25% stöðugildis þjónustuaðila, alls um 1,3 m.kr. Vilji er til að fara í stefnumótun í menningarmálum innan menningarmálanefndar í upphafi árs 2022, en gert er ráð fyrir um 1. m.kr. vegna þessa. Stefnumótun í þessum málaflokki er ætlaður til hliðsjónar við nýtt Aðalskipulag sveitarfélagsins.

Þá er gert ráð fyrir greiðslu launakostnaðar vegna verkefnastjóra á Flateyri, en sveitarfélagið greiðir 50% launa á móti framlagi ríkisins, auk stjórnunarkostnaðar, en nettókostnaður sveitarfélagsins vegna launa er um 8,5 m.kr. Þá er gert ráð fyrir leigugreiðslum vegna starfsaðstöðu verkefnastjóra um 0,8 m.kr. auk ýmiss smálegs kostnaðar.

TJALDSVÆÐI

Samningur er við rekstraraðila um tjaldsvæði í Tungudal og er samningstími til 1. okt. 2022 en óvissa er með rekstraraðila á Flateyri, þar sem núverandi samningur er laus. Lagt verður upp með að framlengja samninginn á Flateyri og bjóða út svæðin að hausti 2022. Tjaldsvæðið á Þingeyri er rekið af íþróttamiðstöð Þingeyrar. Ekkert tjaldsvæði er rekið á Suðueyri, undirbúningur er hafinn að skipulagi tjaldsvæðis á Suðueyri. Gert er ráð fyrir viðhaldi tjaldsvæða upp á 2 m.kr.

UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Upplýsingamiðstöðin færði sig um set innan Ísafjarðar vorið 2021, og flutti sig niður í Neðstakaupstað á svæði Byggðasafns Vestfjarða. Tilgangur þeirrar breytingar var að sameina undir einn hatt meginþætti ferðamennsku sveitarfélagsins á Ísafirði.

Þessi breyting hefur leitt af sér umtalsvert lægri kostnað við húsnæði og rekstur Upplýsingamiðstöðvarinnar, auk þess sem samnýting starfsmanna hefur komið sér vel bæði fyrir reksturinn og ánægju starfsmanna. Með þessari breytingu var jafnframt öll sala ferðamannavarnings færð á eina hendi, í Byggðasafnið, í stað þess að sveitarfélagið ræki tvær einingar með tilheyrandi utanumhaldi og kostnaði. Markmið þessarar breytingar var jafnframt að straumlínulaga þjónustu við ferðamenn, samnýta auðlindir og efla sýnileika ferðamannasvæðisins á Ísafirði.

Þar sem væntingar Ísafjarðarhafna eru á þá leið að mikill fjöldi skipa ætlar sér að koma við á Ísafirði sumarið 2022 er gert ráð fyrir aukningu í stöðugildum, samanborið við sumarið 2021. Gert er því ráð

fyrir tveimur starfsmönnum með forstöðumanni í Neðstakaupstað, auk hlutastarfsmanns í kirkjunni eins og sumarið 2018 og 2019.

FRAMLÖG TIL FERÐAMÁLA OG ÝMSIR STYRKIR

Gert er ráð fyrir aðkeyptri þjónustu frá Koltru að fjárhæð 0,75 m.kr. og framlags til Markaðsstofu Vestfjarða 3,8 m.kr. í samræmi við ákvörðun fjórðungspings. Auglýsingar og aðrir kostnaðarliðir vegna ferðamála eru áætlaðar sambærilega og fyrri ár.

Þá er fyrirhugað að gera samning við Edinborgarhúsið um að halda úti salernisaðstöðu fyrir almenning, íbúa, gesti og ferðamenn, yfir þá mánuði er mest er um ferðamenn.

Ekki er gert er ráð fyrir styrk til FabLab eins og undanfarin ár, þar sem samningur vegna þess er útrunninn, og endurnýjun ekki fyrir séð.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFJARÐA OG VESTFJARÐASTOFA

Gert er ráð fyrir 5,6% hækkun á framlagi til Fjórðungssambandsins og Vestfjarðastofu í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Samanburður	2022		2021	
	mánaðargreiðslur	árgreiðslur	mánaðargreiðslur	árgreiðslur
Rekstur skrifstofu	475.829	5.709.946	453.594	5.443.126
Markaðsstofa	315.737	3.788.842	302.396	3.628.751
Menningarmál	440.253	5.283.034	440.253	5.283.034
Umhverfi	222.350	2.668.199	177.880	2.134.559
Atvinnuþróun	302.396	3.628.751	289.055	3.468.659
Samtals	1.756.564	21.078.772	1.663.177	19.958.129

Tafla 17: Samanburður árstíllaga 2021 og 2022

UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum, hreinlætismálum, skipulags- og byggingarmálum, umferðar- og öryggismálum, umhverfismálum, eignasjóði Ísafjarðarbæjar og Fasteignum Ísafjarðarbæjar. Undir umhverfis- og eignasvið heyrir einnig þjónustumiðstöð, vatnsveita, fráveita og Funi sorpeyðingarstöð.

MENNINGARMÁL

Tjöruhúsið

Húsaleigutekjur er um 1,95 m.kr. á ári í samræmi við samning sem gerður var 2018.

HREINLÆTISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Lögbundið framlag Ísafjarðarbæjar var áætlað 19,8 m.kr. árið 2021 og 22,3 m.kr. árið 2022. Engar tillögur liggja fyrir á gjaldskrárhækkunum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og hækkar rekstur deildarinnar því um 1 m.kr. á milli ára og er áætlaður 9,3 m.kr. í árslok 2022.

Sorphirða og sorpeyðing

Gert ráð fyrir að kostnaður vegna samnings milli Ísafjarðarbæjar og Terra ehf. geti numið um 100,5 m.kr. árið 2022. Bætt hefur verið við sorphirðu í dreifbýli og einnig er sorpmagn að aukast á milli ára, möguleg. Þjónustugjöld nema um 87,8 m.kr. og endurgreiðslur vegna urðunar í Fíflholti 14,75 m.kr.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Tæknideild

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við verkfræði- og lögfræðiþjónustu fyrir árið 2022 eða um 1 m.kr., fyrir árið 2022 vegna aðkeyptrar þjónustu s.s. lóðamælinga og útsetningu lóða.

Gert er ráð fyrir að bæta við einu stöðugildi vegna almennra skrifstofustarfa, um er að ræða 100% starfshlutfall fyrir árið 2022, launakostnaður hækkar um 21 % á milli ára vegna nýs stöðugildis á tæknideild.

Aðalskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektapjónustu er áætlaður 10 m.kr. árið 2022. Kostnaðurinn kemur til vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Endurgreiðslur úr Skipulagssjóði eru áætlaðar 5 m.kr. eða 50% af kostnaði við endurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að ferlið taki tvö ár, 2022 og fram til 2023, og heildarkostnaður verði um 20 m.kr. Samningur var undirritaður 2019 við Arkís arkitekta um verkið.

Deiliskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu er áætlaður 6,3 m.kr. árið 2022. Kostnaðurinn felst í gerð deiliskipulags vegna fjölgunar íbúðalóða í sveitarfélaginu, s.s. Þingeyri, Suðureyri og Flateyri. Einnig er gert ráð fyrir auknum auglýsingarkostnaði vegna fleiri verkefna.

Byggingarfulltrúi

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaleyfisgjöld, byggingarleyfisgjöld og stöðuleyfisgjöld verði um 3,5 m.kr. Kostnaður við að fjarlægja leyfisskylt lausafé er áætlaður 2,5 m.kr., sá kostnaður bókast á lóðahreinsun en verður að fullu á forræði byggingarfulltrúa.

UMFERÐAR- OG ÖRYGGISMÁL

Gatnagerðargjöld


Ekki er gert ráð fyrir tekjum við eignfærðar götur s.s. í Tunguhverfi, vegna þess að bæjaryfirvöld hafa komið til móts við húsbyggjendur við nýframkvæmdir við tilbúna götur. Gert er ráð fyrir 21,5 m.kr. í gatnagerðargjöld af öðru húsnæði.

Viðhald gatna

Helstu kostnaðarliðir eru tilfallandi viðhald, 16,5 m.kr. í áframhaldandi átak í viðhaldi á gangstéttum í sveitarfélaginu og þar af 7 m.kr. í endurlögn á álagssvæði Aðalstrætis við Silfurtorg.

Snjómokstur og hálkueyðing

Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu er nokkuð breytilegur milli ára og er gert ráð fyrir að kostnaður verði 38 m.kr.



Graf 7: Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu 2017-2020 ásamt áætlun 2021 og 2022

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur eru samkvæmt samningi við Vestfirskar ævintýraferðir ehf. um almenningssamgöngur í Ísafjarðarbæ. Inni í samningnum er akstur á kvöldin í tengslum við opnun félagsmiðstöðva. Áætlaður kostnaður árið 2022 er 49,0 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. í að endurnýja eitt biðskýli.

UMHVERFISMÁL

Skrúður

Gert er ráð fyrir fleiri ferðamönnum á árinu 2022 og aukinni innkomu en baukur er á staðnum sem tæmdur er reglulega. Aðkeypt þjónusta vegna salerna dregst saman og er áætluð um 1,1 m.kr.

Almenningsgarðar

Áætlaður kostnaður á árinu 2022 er 5,4 m.kr. en þar af er viðhaldskostnaður um 4,6 m.kr. Þörf er á almennum viðhaldi á göngustígum og dren í hluta garðsins og annað tilfallandi. Fyrirhuguð er lýsing í Jónsgarði.

Opin svæði

Áætlun óbreytt á milli ára. Sláttur var boðinn út árið 2019 og er áætluð aðkeypt þjónusta 12,2 m.kr. á árinu 2021, hækkar í 12,9 m.kr. á árinu 2022 m.t.t. verðtryggingar samnings.

Umhirða gatna

Umhirða gatna er í umsjón áhaldahúss, áætlaður kostnaður á árinu 2022 er 23 m.kr.

Lóðahreinsun

Áfram verður áttak í lóðahreinsun á árinu 2022 en áætlaðar eru um 4,5 m.kr. í hana. Þar af 2 m.kr. vegna áttakshreinsunar á Suðurtanga.

Skreytingar jól, aðrar hátíðir

Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 4,9 m.kr. árið 2022 en starfsmaður garðyrkjudeildar sér um skreytingar í öllum kjörnum, ásamt Hlíf og Eyri. Jafnframt gert ráð fyrir viðhaldi á séríum.

Minka- og refaeyðing

Áætlun er óbreytt á milli ára en gert er ráð fyrir 3,5 m.kr. Skotveiðifélag Ísafjarðar hefur séð um refaeyðingar samkvæmt samningi og samið var við Búnaðarfélagið Bjarma um minkaeyðingu.

Fjallskil, fjárgirðingar og fjárréttir.

Áætlun fjallskila er óbreytt á milli ára, gert er ráð fyrir 600 þ.kr. í smölun á Dynjandisheiði og nefndarlaunum. Gera má ráð fyrir því að það verði kostnaður við nýja fjárgirðingu ofan til við Flateyri vegna skeringa meðfram varnarmannvirkjum.

EIGNASJÓÐUR

Árið 2022 er gert ráð fyrir 144 m.kr. í viðhald á fasteignum eignasjóðs. Stærstu einstöku verkefni árið 2022 eru: Við sundlaug Ísafjarðar, 30 m.kr. í viðhald utanhúss, þakkantur og hluti þaks á Torfnesi 15 m.kr., skólahúsnæði Flateyri þar sem áætlað er að laga múrskemmdir og málun utanhúss 8 m.kr. Límtrésbitar Sundhöll Flateyrar, áætlað er að klæða bita sem standa áveðurs, 4 m.kr. Við Grunnskólann á Ísafirði eru áætlaðar 15 m.kr. í lóð og húsnæði, fyrirhugað er að setja upp eldvarnarhurðir á milli álma og endurnýja gler. Tekið hefur verið saman yfirlit yfir áætlað viðhald niður á deildir, í töflu 18.

Verkefni	Skýring sérverkefni	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Sérverkefni
Skólahúsnæði:				
Ísafirði	Gí eldvarnarhurðir og glerjun	15.916.159	10.916.159	5.000.000
Flateyri	Múrviðgerðir og málning utanhúss	12.944.150	4.444.150	8.500.000
Þingeyri	Málning og gler	3.251.703	3.246.703	5.000
Suðureyri	Gler & hurðir, ásamt dreni og kjallara	11.014.107	5.014.107	6.000.000
Íþróttamannvirki:				
Ísafirði	Sundl. Austurv. og Torfnes lýsing o.fl.	21.236.837	8.236.837	13.000.000
Flateyri	Klæðning límtrésbita áveðurs	5.400.001	1.400.001	4.000.000
Þingeyri	Málun utanhúss	4.279.137	4.279.137	0
Suðureyri	Skilrúm sundlaug Suðureyrar	4.000.000	3.997.000	3.000
Þjónustubyggingar:				
Ísafirði	Kjallari safnahúss	16.870.849	6.870.849	10.000.000
innskatt.		140.000	140.000	0
Flateyri		140.000	140.000	0
Þingeyri		7.376.502	7.376.502	0
Opnir leikvöllir		0	0	0
Íbúðarhúsnæði	Gluggar Krambúð	2.662.330	2.662.330	0
Friðlýst hús og söfn	Svarta pakkhúsið utanhúss 2 m.kr. ef styrkur á móti	1.552.324	1.550.324	2.000
		106.784.099	60.274.099	46.510.000

Tafla 18. Áætlað viðhald Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar árið 2022

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ ÁHALDAHÚS

Gert er ráð fyrir því að tekjur og dragist saman á árinu 2022 m.t.t. þess að það eru færri tímar seldir út vegna færri stöðugilda. Launakostnaður er áætlaður 53,6 m.kr. fyrir árið 2022 samanborið við 59,8 m.kr. á ársreikning 2020.

FUNI: FASTEIGNIR

Gert er ráð fyrir 1 m.kr. í viðhald á húsnæði Funa.

VATNSVEITA

Árið 2022 er ætlunin að endurnýja vatnslögn frá vatnstanki á Suðureyri yfir í Staðardal. Kostnaður við endurnýjun lagna er áætlað um 25 m.kr. Gjaldskrárlækkun tekur gildi með nýrri fjárhagsáætlun 2022 og er lækkun úr 0,1% í 0,02% af fasteignamati. Jafnframt kemur til lækkunar grunngjald af seldum m³. Áætlað er að rekstrarhagnaður vatnsveitu verði um 11,9 m.kr. á árinu 2022, sem er töluverð lækkun frá áætlun 2021 þar sem er gert ráð fyrir 32,6 m.kr. á árinu. Forsendur ársins 2021 miðast við áætlun í september með viðaukum.

FRÁVEITA

Gjaldskrá fráveitu lækkar á milli áranna 2021 og 2022 og er 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, rekstrarafgangur fráveitunnar er áætlaður 41 m.kr. fyrir árið 2022 samanborið við 22,6 m.kr. árið 2020. Betri afkoma skýrist af hækkun fasteignamats.

EYRI

Árið 2022 er áætlaður kostnaður við viðhald utanhúss um 10,0 m.kr. vegna þörf er á viðhaldi tréverks utanhúss og glugga.

FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Gert er ráð fyrir 7,1 m.kr. í viðhald á eignum Fastís ehf. á árinu 2022 sem er samdráttur í viðhaldi sem skýrist m.a. af fækkun íbúða og engar stórar viðhaldsframkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Mfl.	Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Sérverkefni
57120	Íbúðir Ísafirði	Tilfallandi viðhald	5.085	5.085	0
57160	Íbúðir Flateyri	Tilfallandi viðhald	186	186	0
57180	Íbúðir Þingeyri	Tilfallandi viðhald	959	959	0
57190	Íbúðir Suðureyri	Tilfallandi viðhald	910	910	0
			7.140	7.140	0


Tafla 19: Áætlað viðhald Fasteigna Ísafjarðarbæjar árið 2022 í þúsundum króna

Áætlað er að selja 16 íbúðir á árinu 2022 og er áætlað söluverð vegna þeirra 283,5 m.kr. Áætlaður söluhagnaður vegna þeirra er 209,5 m.kr. og uppgreiðsla á lánum nemur 179,8 m.kr. Áætlað er að selja 12 íbúðir á Ísafirði, eina á Flateyri og þrjár á Suðureyri.


SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR

Slökkvilið ásamt brunahönum og rekstri bifreiða

Gert er ráð fyrir óbreyttum stöðugildum eða 5,77 á árinu 2022. Rekstrarkostnaður slökkviliðs eykst um 5 m.kr. og er vegna frekari innkaupa á búnaði, viðhalds á bílum, varahluta í nýjan bíl (Iveco) vegna verðlags og flutningskostnaðar.




Graf 8: Launakostnaður vegna brunamála og almannavarna



Graf 9: Stöðugildi vegna brunamála og almannavarna

Í áætlun 2022 er gert ráð fyrir endurnýjun vetrar-/einkennisfatnaðar fyrir 800 þ.kr. og er það vegna bæði hlutastarfandi slökkviliðsmanna og þeirra í fullu starfi. Þá er gert ráð fyrir 900 þ.kr. í líkamsræktarkort, læknisrannsóknir, blóðprufur og þolpróf. Gert er ráð fyrir endurnýjun á öðrum búnaði og verkfærum fyrir 2 m.kr. m.a. snjóflóðaýlum, brunaslöngum og rafstöð. Mikilvægt er að halda áfram þeirri endurnýjun búnaðar og tækja slökkviliðsins sem ráðist var í á árinu 2020 og 2021. Endurnýjunarþörf slökkviliðsins á slökkviliðsgöllum eru 3-5 gallar á ári. Gert er ráð fyrir innkaupum á 3-4 göllum á árinu, 750 þ.kr.

Gert er ráð fyrir endurnýjun á þremur brunahönum, 880 þ.kr.



Graf 10: Rekstrartölur Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 2019-2022

Rekstur bifreiða hækkar um 2,4 m.kr. á árinu 2022 og er það vegna viðhalds á núverandi tækjum sem eru að eldast auk varahluta í nýjan dælubíl á Ísafjörð.


Gert er ráð fyrir 1 m.kr. í kaup á nýrri slökkvikerru en hún er mikilvæg í rekstri slökkviliðsins. Kerran verður staðsett á Þingeyri.

Slökkviliðið glímur áfram við húsnæðisvanda og fer þörfin á bættri aðstöðu að verða mjög aðkallandi.


Gjaldskrá slökkviliðs 2022 hefur verið samþykkt í skipulags- og mannvirkjanefnd, miðað er við 2,4% hækkun í samræmi við verðbólguþá Hagstofu.

Sjúkraflutningar

Gert er ráð fyrir óbreyttum stöðugildum í sjúkraflutningum eða 7,30 á árinu 2022. Sjúkraflutnings-samningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða var undirritaður 2020 og útleggst upp á 350 flutninga og 43 m.kr. á ári, vísitölutryggður. Samningur tók gildi 1. júlí 2020. Áframhaldandi innkaup á vinnu og vetrar-fatnaði eru fyrirhuguð á árinu upp á 1 m.kr., bæði fyrir Ísafjörð og Þingeyri. Rekstrarkostnaður sjúkraflutninga eykst um 360 þ.kr.




Graf 11: Rekstrartölur sjúkraflutninga 2019-2022



Graf 12: Fjöldi útkalla sjúkrabíls og slökkviliðs 2018 til 1. október 2021

Slökkvitækjapjónusta

Gjaldskrá slökkvitækjapjónustu hefur verið endurskoðuð með tilliti til sambærilegrar þjónustu annars staðar og gerir núverandi áætlun ráð fyrir 2,4% hækkun sem miðast við verðbólguþá Hagstofunnar. Gert er ráð fyrir hagnaði á árinu 2022 með aukinni sölu og hagræðingu í þjónustu. Nýir gjaldliðir komu inn á árinu, akstur innan og utan þjónustusvæðis og förgun slökkvitækja.



Graf 13: Rekstrartölur slökkvitækjapjónustu 2019-2022

Almannavarnir og náttúruhamfarir


Styrkir til björgunarsveita vegna samninga um fasteignagjöld eru um 2 m.kr. í áætlun 2022. Kostnaður vegna snjóflóðaeftirlits er áætlaður 533 þ.kr. Ekki er áætlað fyrir náttúruhamförum.

HAFNARSJÓÐUR

SKEMMTIFERÐASKIP

Ekki var gert ráð fyrir neinum komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar 2021 en raunin varð þó sú að 55 skemmtiferðaskip komu, með um 18.000 farþega. Um 150 skip voru þó bókuð til hafnar þegar tímabilið hófst. Heimsfaraldur Covid-19 varð þess valdandi að hafnarsjóður varð af miklum tekjum árið 2020 og niðurstaðan varð sú að sjóðurinn var rekinn með 59 m.kr. halla það ár.

Á árinu 2022 eru væntanleg um 160 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar en þar sem enn gætir áhrifa vegna Covid-19 þá reiknum við með að 75% af bókunum skili sér til hafnar. Miðað við þá reynslu sem fékkst af siglingum skemmtiferðaskipa sumarið 2021 má telja að þetta sé varleg áætlun en reynslan af skipamóttökum sumarið 2020, í ljósi Covid-19, var í alla staði mjög góð og skipafélögin huguðu vel að sóttvörnum og meðhöndlun veikra farþega. Þetta gefur tilefni til bjartsýni gangi áætlanir skipakoma eftir og mun hafa veruleg áhrif á afkomu hafnarsjóðs 2022.



Graf 14: Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar 2017-2023


SJÁVARAFLI OG AFURÐAVERÐ

Gert er ráð fyrir að minni sjávarafla verði landað í höfnum Ísafjarðarbæjar 2022 þar sem þegar hefur verið gefið út að 13% samdráttur verði í þorskvótaúthlutun á yfirstandandi fiskveiðarári, 2021-2022. Gert er ráð fyrir að skipaflotinn verði svipaður og árið 2021 þar sem ekki er sjáanleg viðbót í flotann og líklegt að útgerðarmenn haldi að sér höndum vegna samdráttar í aflaheimildum. Gengi íslensku krónunnar hefur verið óstöðugt á árinu 2021 en síðustu mánuði hefur krónan verið að styrkjast sem kemur fram í verðmyndum afurða og gæti haft einhver áhrif á aflagjöld til hafnarsjóðs umfram minni afla og er áætlun tekna af aflagjöldum til samræmis við það.


Minna hefur verið um landanir aðkomuskipa en oft áður og er erfitt að geta sér til hver þróunin verður en þar spilar tíðarfar og flutningskostnaður inn í. Tíðarfar hefur verið með besta móti á fiskveiðiárinu 2021.

Tekjur vegna útgerðar smábáta á öllum starfsstöðvum hafnarinnar hafa verið nokkuð stöðugar og hefur smábátaútgerð yfir sumarmánuðina á Flateyri braggast betur en þorað var að vona eftir snjóflóðið sem féll í bátahöfnina þann 14. janúar 2021. Einnig var metfjöldi strandveiðibáta bæði á Þingeyri og Suðureyri sumarið 2021 og er farið að þrengja verulega að smábátum á þessum tveimur stöðum.

Tekjur vegna strandveiða hafa lítið breyst á milli ára og gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum vegna þeirra. Þó svo að fleiri bátar séu á veiðum frá höfnum Ísafjarðarbæjar en oft áður er vægi þeirra í heildarmyndinni lítið. Áætlun næsta árs tekur mið af þessari þróun og horfum.



Graf 15: Tekjur hafnarsjóðs 2018-2022



Graf 16: Tekjur, gjöld og rekstrarafgangur hafnarsjóðs 2018-2022

FRAMKVÆMDIR VIÐ HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

13. júní 2021 var samningur við Borgarverk ehf. um hafnargerð á Suðurtanga undirritaður. Samningurinn er upp á 390 m.kr. og hefur verkið gengið mjög vel eftir að það fór af stað. Verktakinn hafði ákveðið að kaupa nýjan krana í verkið sem tafði það að hægt væri að byrja. Hafnarstjórn ákvað að í suðurenda nýja viðlegukantsins verði gerð dokka til að hægt verði að taka á land smábáta til viðgerða og er það aukakostnaður uppá um það bil 70 m.kr. sem er án ríkisframlags. Aðrar framkvæmdir eru með 60% framlagi ríkisins samkvæmt samgönguáætlun. Dýpkun við nýjan Sundabakka verður boðin út núna á haustmánuðum og gert er ráð fyrir að verkið verði unnið apríl til júní 2022. Verklok vegna lengingar er 20. júlí 2022 og gert er ráð fyrir að fyrstu skip muni leggjast við nýjan viðlegukant í byrjun ágúst 2022 þó svo að yfirborð verði ekki að fullu frágengið. Reiknað er með að þekja verði steipt á vormánuðum 2023.

Við fyrstu kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum á Seatrade Europe ráðstefnunni í Lissabon í september 2019, voru undirtektir skipafélaga mjög góðar. Mörg þeirra hafa verið að bíða eftir að geta nýtt aðstöðuna og mikill áhugi skipafélaga er ljós, en mörg þeirra fylgjast með framvindu mála. Þegar eru bókuð skip frá Norwegian Cruise Line og Disney Cruise Line, með fyrirvara um nýjan Sundabakka.

Áætlað er að endurnýja löndunarkrana á Suðureyri en krani sem var á nýja kantinum var tekinn niður og gerður upp og settur niður á Þingeyri.

Gert er ráð fyrir að reist verði þjónustubygging á gamla olíumúlanum á Ísafirði þar sem verður afdrep fyrir skútusiglingar. Þar munu áhafnir aðkomuskútubáta geta baðað sig og þvegið og mun þjónustan verða tengd hafnargjöldum. Reynslan hefur sýnt að mikil þörf er á þessari þjónustu.

Gert er ráð fyrir að hefjast handa á endurnýjun hafnarhúss á Flateyri en ástand vigtarskúrs á Flateyri er mjög slæmt og löngu orðið tímabært að ráðast þar í uppbyggingu.

BYGGÐASAFN VESTFJARÐA


Rekstraraðilar Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurbær og skiptist rekstrarhlutdeild þeirra eftir íbúafjölda. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag sveitarfélaga hækki úr 29,5 m.kr. í 35 m.kr. á milli ára. Gestir safnsins (Smiðjan ekki meðtalin) það sem af er árinu 2021 eru 5196 en árið 2020 voru þeir 1.710. Eins og sést á meðfylgjandi súluriti eru gestirnir fyrst og fremst af skemmtiferðaskipum allt til ársins 2020.

Starfsemi safnsins verður með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2022. Stefnt er á að opnunartími lengist aftur og verði frá miðjum maí til loka september. Opið verður frá kl. 10-17 alla daga vikunnar. Stefnt er á að hafa opið um páska, veturnætur og jól. Gert ráð fyrir fjölgun gesta frá yfirstandandi ári og því áætlað að innkoma vegna aðgangseyris verði til samræmis við áætlun fyrri ára. Unnið er áfram í að auka úrval söluvarnings m.a. sem tengist safninu.

Sótt verður um styrki í ýmis verkefni sem lúta að lifandi safni sem og verkefnum á sviði faglegs safnastarfs s.s. skráningu og forvörslu. Þá verður unnið áfram í að tryggja reglulega opnun Smiðjunnar á Þingeyri.

Þeir bátar safnsins sem eru sjóhæfir verða sjósettir í vor og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í áætlun. Einnig er gert ráð fyrir viðhaldi á þeim bátum og haldið áfram að leita styrkja í þá báta sem ekki eru sjóhæfir. Við vonumst til að í þann flota sem sjósettur verður bætist Eljan ÍS og Gunnar Sigurðsson ÍS

Gætt verður aðhalds í rekstri safnsins eins og kostur er án þess að skerða þjónustu við gesti þess og íbúa á svæðinu.



Graf 17: Gestir safnsins eftir flokkum 2016-2021.

Skýringar með grafi:

Skipulagðar ferðir: Farþegar skemmtiferðaskipa.

Almennir gestir: Erlendir og innlendir gestir sem koma utan skipulagðra ferða.

Eldri borgarar: Eldri borgarar og þeir sem fá afslátt, töldust með almennum árið 2018 og 2020.

Aðrir hópar: Hópar sem koma utan skipulagðra ferða skipanna.

Börn: Börn yngri en 16 ára og þeir sem hafa safnpassa, teljast með almennum 2020.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Fjármagnstekjur


Árið 2022 eru fjármagnstekjur áætlaðar 101,9 m.kr. Reiknaðar verðbótatekjur af langtímakröfu Eyrar hjúkrunarheimilis á ríkissjóð eru 60m.kr. á næsta ári. Einnig eru reiknaðar vaxta og verðbótatekjur af innri lánum Aðalsjóðs sem gera 41,6 m.kr. Við útreikninginn er miðað við 2,8% innri vexti. Þá er reiknað með að verðbólga verði 3%. Varðandi aðrar vaxtatekjur er reiknað með að vanskil viðskiptavina verði sambærileg og fyrri ár og gert er ráð fyrir sambærilegum vaxtatekjum af innistæðum.

Tekjur af eignarhlutum


Ekki er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Lánasjóði sveitarfélaga.

Vaxta- og verðbótagjöld

Við útreikning vaxta- og verðbótagjalda er reiknað með að verðbólga verði 3%.



Graf 18: Vaxta- og verðbótagjöld 2020-2022



Graf 19: Vaxta- og verðbótagjöld eftir sjóðum 2020-2022

FJÁRFESTINGAR 2022-2026

Á árinu 2022 er áætlað að fjárfestingar Ísafjarðarbæjar nemi 1.090 m.kr., áætlaður beinn kostnaður sveitarfélagsins er 640 m.kr., en verkefni sem falla undir ofanflóðavarnir og hafnarmannvirki eru 50% til 90% ríkisstyrkt. Einnig er áætlað að seldar verði 10 íbúðir Fasteigna Ísafjarðarbæjar að bókfærðu virði 80 m.kr. Í töflu 20, má sjá lista yfir áætluð verkefni. Áætlað er að veita 402,5 m.kr. til Eignasjóðs, 5,5 m.kr til Þjónustumiðstöðvar 200 m.kr. til hafnarsjóðs, 5 m.kr. til vatnsveitu, 5 m.kr. í Eyri hjúkrunarheimilis og 22 m.kr. til fráveitu.

Fjárfestingar árið 2022

Verkefni	Áætlaður kostnaður	Endurgreiðslur	Fjárfesting
Eignasjóður	540.625	-138.125	402.500
Bífreiðar og tæki	17.000		17.000
Gangstéttir og aðgengi	17.500	-500	17.000
Götur: Hellulögn	2.000		2.000
Götur: Malbikun í Ísafjarðarbæ	50.000		50.000
Götur: ný framkvæmd	30.000	-20.000	10.000
Húsnæði: Annað	43.125	-625	42.500
Húsnæði: Safngeymslur og safnahús	20.000		20.000
Hönnun nýbygging	10.000		10.000
Lóðir og lendur: Landfylling	160.000		160.000
Lóðir og lendur: Þl	3.000		3.000
Ofanflóðavarnir	130.000	-117.000	13.000
Opin svæði: Göngust. Sundstræti	20.000		20.000
Opin svæði: Hreystigarður Hlíf	5.000		5.000
Opin svæði: Hreystigarður Þl	5.000		5.000
Opin svæði: Leikvellir IS	2.000		2.000
Opin svæði: Skautasvell FL	5.000		5.000
Opin svæði: Tjaldsvæði	2.000		2.000
Uppbyggingasamningar	4.000		4.000
Útivistasvæði Tungudal	15.000		15.000
Þjónustumiðstöð	5.500		5.500
Hafnarsjóður	486.500	-286.500	200.000
Hafnarmannvirki	477.500	-286.500	191.000
Hafnarsjóður: Krani/tæki/bílar	9.000		9.000
Vatnsveita	25.000	-20.000	5.000
Fráveita	27.500	-5.500	22.000
Eyri	5.000		5.000
Samtals	1.090.125	-450.125	640.000
Áætluð sala	Bókfært verð	Söluhagnaður	Uppgreidd lán
Fasteignir Ísafjarðarbæjar	-80.000		
	-80.000		

Tafla 20: Áætlaðar fjárfestingar árið 2022

Fjárfestingaráætlun 2022-2026

Fjárfestingar næstu fjögurra ára eru áætlaðar 2.190 m.kr. ef horft er til fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu þriggja þar á eftir. Fimm ára áætlun gerir ráð fyrir fjárfestingum fyrir 3.140 m.kr.

Fjárfestingar A hluti	2022	2023	2024	2025	2026
Eignasjóður					
Gatnakerfi og gangstéttir	79.000	32.400	48.000	42.400	272.600
Ofanflóðavarnir	13.000	16.000	30.000	10.000	10.000
Opin svæði og göngustígar	42.000	10.000	10.000	14.000	19.000
Skólahúsnæði	0	15.000	0	0	0
Íþróttamannvirki	19.000	14.200	12.000	37.000	24.000
Önnur húsnæði	72.500	75.000	90.000	95.000	250.000
Bírfreiðar og tæki	17.000	0	0	5.000	32.000
Landfylling	160.000	0	0	0	0
Þjónustumiðstöð	5.500	0	0	0	0
Samtals fjárfesting A hluti	408.000	162.600	190.000	203.400	607.600
Fjárfestingar B hluti					
Hafnarsjóður	200.000	150.000	250.000	250.000	250.000
Fráveita	22.000	62.400	48.000	26.600	42.400
Vatnsveita	5.000	30.000	2.000	20.000	0
Eyri	5.000	85.000	0	0	0
Byggðasafn Vestfjarða	0	10.000	10.000	50.000	50.000
Samtals fjárfesting B hluti	232.000	337.400	310.000	346.600	342.400
Samtals fjárfesting A+B	640.000	500.000	500.000	550.000	950.000
Áætluð sala B hluti					
Fasteignir Ísafjarðarbæjar	-80.000	-80.000	-80.000	-80.000	0
	-80.000	-80.000	-80.000	-80.000	0

Tafla 21: Áætlaðar fjárfestingar 2022-2026

STÖÐUGILDI

Í áætlun 2022 er gert ráð fyrir að stöðugildi hjá Ísafjarðarbæ verði 339,5 og hækki því um 13,4 stöðugildi frá áætlun 2021 með viðaukum. Á velferðarsviði fjölgar um 8,0 stöðugildi og á fræðslusviði fjölgar um 8,2 stöðugildi. Á þjónustumiðstöð fækkar stöðugildum um 3,4.

	2022_áæ	2021_mv	2020	2019	2018
02 Velferðarsvið	66,7	58,7	61,5	59,4	60,8
04 Fræðslusvið	163,1	154,9	158,1	142,7	144,5
05 Menningarmál	8,8	9,3	8,5	8,3	8,1
06 Æskulýðs- og íþróttamál	32,1	31,6	30,8	28,2	26,5
07 Brunamál og almannavarnir	13,5	13,8	16,4	14,8	15,0
09 Skipulags- og byggingarmál	5,0	4,0	3,2	3,0	3,4
11 Umhverfismál	0,0	0,0	0,9	1,0	1,0
13 Atvinnumál	2,9	2,6	1,8	1,8	1,7
21 Sameiginlegur kostnaður	16,1	17,9	16,3	15,8	16,6
31 Eignasjóður	0,0	1,0	0,7	0,9	1,0
33 Þjónustumiðstöð	9,6	13,0	13,5	13,3	13,7
41 Hafnarsjóður	16,9	15,3	16,8	18,8	16,7
53 Þjónustuíbúðir	0,0	0,0	2,1	2,0	2,2
57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.	1,3	1,3	1,3	0,9	1,0
58 Byggðasafn Vestfjarða	3,4	2,7	2,8	1,4	2,9
	339,5	326,1	334,7	312,3	315,2

Tafla 22: Fjöldi stöðugilda hjá Ísafjarðarbæ 2018-2022

ÁÆTLUN STYRKJA OG FRAMLAGA 2022

Í áætlun 2022 er gert ráð fyrir 381 m.kr. í styrki og annað og 30,6 m.kr. í framlög til B-hluta. Hækkun á milli ára er því um 30,4 m.kr. og má sjá sundurliðun í töflu 23.

Deild	Nafn	Áætlun 2021	Áætlun 2022
9711 LÖGBUNDIN FRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG SKV. LÖGUM			
02590	Útgj.framl.v. Bjargs	700.000	700.000
02590	Útgj.framl.v. Reykjadal	370.000	370.000
02590	Útgj.framl.v. Tölvumiðstöðvar fatlaðra	130.000	130.000
02740	Orlofssjóður húsmæðra	420.000	420.000
04200	Útgj.framl. v. Námsgagnasjóðs	650.000	650.000
04200	Útgj.framl.v. Endurmenntunarsjóðs grunnskóla	550.000	550.000
04520	Umferðarskólinn	146.000	150.000
03221	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	19.837.872	22.300.000
21710	Fjórðungssamband Vestfirðinga	8.940.310	9.340.310
		31.744.182	34.610.310
9911 LANGTÍMAFRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG MEÐ SAMNING 5 ÁR EÐA LENGUR			
04810	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar	21.960.000	23.779.000
05550	Leikhús	1.750.000	1.750.000
11890	Ýmsir styrkir (Náttúrustofa Vestfjarða)	3.705.002	3.100.000
13800	Styrkir, framlög (Fjórðungssamband Vestfirðinga)	3.640.365	3.840.365
		31.055.367	32.469.365
9921 ÖNNUR FRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG 2-5 ÁR			
02490	Félag eldri borgara, leiga, styrkur	0	3.929.850
02890	Ýmsir styrkir, Vesturafl	7.500.000	7.937.962
02890	Ýmsir styrkir, Fjölsmiðja	1.700.000	1.808.327
04510	Tónlistarskóli Ísafjarðar, samningur v. fasteignagjalda	2.092.200	2.092.200
04530	Lýðskólinn á Flateyri	11.200.000	6.000.000
05890	Ýmsir styrkir (Fjórðungssamband Vestfirðinga)	5.299.944	5.299.945
05890	Ýmsir styrkir v. fasteignagjalda VerkVest	800.000	800.000
05890	Ýmsir styrkir	700.000	700.000
06530	Líkamsræktarstöð IS	5.020.000	5.020.000
06650	Skíðasvæði	886.000	886.000
06820	HSV, samstarfssamningur	34.900.000	34.900.000
06890	Æskulýðs- og íþróttamál, aðrir styrkir	0	3.333.000
06890	Aðrir styrkir, samninga fasteignagjöld félagasamtök	928.000	928.000
07410	Almannavarnir v. samninga fasteignagjöld Björgunarsveitir	2.000.000	2.000.000
13090	Atvinnumál, almenn	100.000	100.000
13890	Ýmsir styrkir (Fablab)	4.000.000	0
21790	Annað samstarf sveitarfélaga, stafrænt Ísland	0	2.500.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög v. fasteignagjalda félagasamtaka	400.000	400.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög (stjórn málaflakkar)	800.000	1.100.000
41710	Hafnarskrifstofur, björgunarbátasjóður	2.500.000	2.500.000
41710	Hafnarskrifstofur, hafnargjöld björgunarbátur	1.560.000	1.500.000
		82.386.144	83.735.284

9951 STYRKIR NEFND A - STYRKIR OG FRAMLÖG			
02890	Velferðarsvið, ýmsir styrkir	1.310.000	1.250.001
05540	Bæjarlistamaður	250.000	250.000
05720	Aðrar hátíðir	1.175.000	1.500.000
05890	Ýmsir styrkir, menningarstyrkir	2.000.000	2.000.000
05890	Ýmsir styrkir, Tungumálatöfrar	400.000	400.000
05890	Ýmsir styrkir v. fasteignagjalda	1.000.000	1.000.000
06820	Héraðssamband Vestfirðinga íbúðir	7.800.000	8.183.000
06870	Önnur íþróttafélög, uppbyggingasamningar	7.999.000	4.666.000
06890	Aðrir styrkir v. fasteignagjalda	260.000	260.000
06890	Aðrir styrkir, afreksíþróttabraut	1.000.000	1.000.000
06890	Aðrir styrkir, íþróttamaður ársins	150.000	150.000
06890	Aksturstyrkur	600.000	600.000
11890	Ýmsir styrkir, Fjórðungssamband Vestfirðinga	2.142.002	2.200.000
21030	Ýmsar nefndir, Hverfisráð	60.000	30.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög, Ísland ljóstengt	17.760.000	0
21810	Ýmsir styrkir og framlög ýmislegt	305.000	3.755.000
		44.211.002	27.244.001
9952 Styrktarlínur			
21810	Ýmsir styrkir og framlög	50.000	50.000
05890	Ýmsir styrkir	100.000	100.000
		150.000	150.000
Annað			
02110	Fjárhagsaðstoð	20.550.000	20.857.201
02150	Stuðningsþjónusta	2.465.787	4.900.000
02180	Húsaleigubætur	4.400.000	4.400.000
02190	Fasteignagjöld aldraðra og öryrkja	12.960.001	13.800.000
02310	Barnavernd	55.850.981	87.754.444
02510	Málefni fatlaðra, sameiginlegt	6.137.364	7.626.511
02550	Stoðþjónusta	52.965.485	57.900.000
02610	Áfengis- og vímuefnavarnir	700.000	540.000
04100	Leikskólar, sameiginlegt	5.200.000	5.200.000
		161.229.618	202.978.156
	Styrkir samtals skv. sundurliðun	350.776.313	381.187.116

Tafla 23: Áætlaðir styrkir og annað 2022

